



Starfsárið
2014 í hnotskurn

EFTA SURVEILLANCE
AUTHORITY

Eftirlitsstofnun EFTA



Á árinu 2014, rétt eins og á árinu sem á undan fór, hefur Eftirlitsstofnun EFTA fengist við fjölmörg samningsbrotamál þar sem stjórnvöld í EFTA-ríkjunum hafa látið dragast eða sýnt tregðu til að lögfesta sameiginlegar reglur innri markaðarins innan þeirra tímamarka sem aðildarríki EES-samningsins hafa komið sér saman um.

Vinna við að lögleiða ákvæði nýrra tilskipana sem varða innri markaðinn og fella reglugerðir inn í landsrétt hefst of seint í EFTA-ríkjunum og tekur of langan tíma. Árið 2014 stofnaði ESA til fjölmargra mála sem varða tafir á lögfestingu tilskipana og reglugerða varðandi innri markaðinn og hefur stofnunin ekki hikað við að stefna slíkum málum fyrir EFTA-dómstólinn.

Á Íslandi virðist vera við sérstakan vanda að glíma á sviði dýraheilbrigðismála og miklar tafir hafa verið á að taka löggjöf á því sviði upp í landsrétt. Bæði á Íslandi og í Noregi eru öflugar útflutningsgreinar sem njóta góðs af sameiginlegum tæknilegum reglum um matvæli og fóður. Á grundvelli EES-samningsins þurfa fyrirtæki sem flytja sjávarafurðir til annarra EES-ríkja ekki að fullnægja margvíslegum og tímafrekum skilyrðum á landamærum. Það veldur því nokkrum vonbrigðum að stjórnvöld á Íslandi skuli ekki hafa gert þær ráðstafanir sem þarf til að tryggja innleiðingu þessara reglna innan tímamarka.

Eftirlit og leiðsögn á sviði ríkisaðstoðar er annað mikilvægt verkefni Eftirlitsstofnunar EFTA. Ein tegund ólögmætrar ríkisaðstoðar er sú að opinberar stofnanir, oft á sveitarstjórnarstiginu, bjóða í skjóli aðstöðu sinnar þjónustu á betri kjörum en keppinautar þeirra í hópi einkafyrirtækja. Þetta á sér stað í mörgum atvinnugreinum og varða flest málín Noreg. Mikið verk er enn að vinna á þessu sviði.

Rétt eins og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur ESA unnið hörðum höndum að því að koma í framkvæmd nýlegum endurbótum á reglum um ríkisaðstoð sem miða að nútímalegri skipan slíkrar aðstoðar. Þó að útgáfu nýrra leiðbeinandi reglna um eftirlit með ríkisaðstoð sé að mestu lokið eru nokkur mál enn ófrágengin af hálfu stjórnvalda í EFTA-ríkjunum og nauðsynlegt er að leysa úr þeim til þess að hinar nýju reglur geti að fullu komist til framkvæmda.

Endurbæturnar gera stofnuninni kleift að beina starfskröftum sínum í auknum mæli að þeim málum sem hafa mesta þýðingu fyrir innri markaðinn – en sú breyting er ekki síður EFTA-ríkjunum í hag.

Oda Helen Sletnes,
Forseti
Eftirlitsstofnun EFTA

Ný mál:
587

Mál sem lokið var:
654

Kvartanir:
71

Fjármunir til ráðstöfunar á árinu 2014: EUR 13,3 milljónir

Um er að ræða framlög frá Íslandi (9%), Liechtenstein (2%) og Noregi (89%)

Ársskýrslan er birt í heild (á ensku) á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA

Í yfirlitinu sem hér birtist er starfsemi ESA lýst í stuttu máli og sjónum beint að nokkrum þeirra fjölmörgu mála sem stofnunin fékkst við á árinu 2014. Ítarlegri upplýsingar um málin og önnur af sama tagi má finna á síðunni **www.eftasurv.int/2014**

Eftirlit með starfsemi innra markaðarins

Grundvöllur innra markaðarins eru reglurnar sem varða svonefnt „fjórfrælsi“ – þ.e. óheft flæði varnings, vinnuafis, þjónustu og fjármuna. Þessir fjórir þættir hafa verið kjölfestan í þróun Evrópusamstarfsins allt frá undirritun Rómarsáttmálans árið 1957.

Til viðbótar þessum reglum koma ýmis almenn ákvæði sem snúa að málefnum á borð við heilbrigði og öryggi á vinnustað, vinnulöggjöf, jafnræði kynjanna, neytendavernd, umhverfismál og félagarétt.

Eftirlitsstofnun EFTA getur brugðist við ef stjórnvöld í EFTA-ríki láta undir höfuð leggjast að fella þessar reglur inn í landsrétt á tilsettum tíma eða grunur leikur á að þau hafi brotið gegn ákvæðum EES-réttar.

Hugað að heildarmyndinni

Bendi fjöldi kvartana á tilteknu sviði til kerfislægra vandamála í einhverju EFTA-ríkjanna felst athugun Eftirlitsstofnunar EFTA í almennri greiningu fremur en rannsókn á einstökum málum.

Læknismeðferð í öðrum EES-ríkjum

Eftir að borist höfðu nokkrar kvartanir, sem lutu að heimild til að leita læknismeðferðar erlendis, var ákveðið að ESA tæki til nánari athugunar þær reglur og þá framkvæmd sem tíðkast í Noregi á þessu sviði. Í maímánuði 2014 gaf stofnunin út áminningarbréf.

Helstu athugunarefnin voru að sjúklingum í Noregi hafi verið gert óþarflega erfitt að sækja sér milliliðlaust viðurkennda legudeildarmeðferð á erlendum sjúkrahúsum þótt ekki sé hægt að veita árangursríka meðferð innan settra tímamarka í Noregi. ESA lítur svo á að sett hafi verið of ströng skilyrði fyrir heimild til meðferðar erlendis. Mörkin, sem stjórnvöld í Noregi miða við gera sjúklingum erfitt og jafnvel ógerlegt að leita meðferðar erlendis og er það að áliti ESA andstætt EES-rétti.

Takmarkanir á rétti fjölskyldna til sameiningar

Eftir að hafa rannsakað fjölmargar kvartanir telur ESA lagaákvæði og stjórnsýsluframkvæmd í Noregi ekki vera með þeim hætti að aðstandendum Norðmanna, sem flytja heim að lokinni dvöl í öðru EES-ríki, sé tryggður réttur til búsetu í Noregi. Þá er réttur aðstandenda ríkisborgara EES-ríkja, sem flytjast til Noregs til að setjast þar að og vinna, ekki tryggður samkvæmt norskum lögum.

ESA sendi norskum stjórnvöldum áminningarbréf í desembermánuði 2014.



Lögfesting tilskipana og reglugerða í EFTA-ríkjunum

Eftirlitsstarf ESA snýst að miklu leyti um að tryggja, með sérstakri málsmeðferð sem beitt er í samningsbrotamálum, að ákvæði EES-réttar séu lögfest á réttum tíma. Síðla á árinu 2014 var ólokið 185 málum sem vörðuðu slík brot EFTA-ríkjanna.

Fylgni er með þessum mikla fjölda mála og nýjustu niðurstöðum um frammistöðu einstakra EFTA-ríkja samkvæmt stigatöflu innri markaðarins, sem valdið hafa talsverðum vonbrigðum – sjá www.eftasurv.int/scoreboard

Reglur EES um matvælaöryggi og velferð dýra

Svonefndur „heilbrigðispakki“ hefur að geyma ýmsar reglugerðir sem innihalda bæði almennar og sértækar reglur á sviði matvæla- og fódurlöggjafar. Öll ákvæði þessara reglugerða hafa verið í fullu gildi gagnvart Íslandi frá nóvembermánuði 2011. ESA hefur þurft að stofna til margra samningsbrotamála vegna tafa á innleiðingu þeirra. Í árslok 2014 voru aðeins fáein málanna enn óafgreidd.

Í nokkrum nýlegum úttektum á Íslandi hefur komið í ljós að ákvæðum matvæla- og fódurlöggjafar er ekki beitt á réttan hátt. Þótt opinbera eftirlitskerfið virðist hafai styrkst er enn ekki fullnægt áskilnaði um samræmingu og sannprófun eftirlits sem fram fer á vegum hins opinbera. Í Noregi hefur svipaðra vandkvæða orðið vart. Þessum málum verður fylgt eftir á árinu 2015.

Innflutningstakmarkanir á hráu kjöti andstæðar EES-samningnum

Á Íslandi er innflutningur á hráu kjöti og kjötafurðum aðeins leyfður að útgefnu leyfi sem er háð ströngum skilyrðum. Eftirlitsstofnun EFTA telur þetta fela í sér brot á tilskipun um heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum í tengslum við viðskipti milli EES-ríkjanna sem felur í sér skýrar skyldur um heilbrigðiseftirlit í upprunalandi vöru.

Íslensk stjórnvöld telja að innflutningstakmarkanirnar séu nauðsynlegar til að vernda heilbrigði almennings og dýra. ESA sendi íslenskum stjórnvöldum rökstutt álit í októbermánuði 2014.



Lögsókn vegna brota á ákvæðum EES-réttar

Dómsmál fyrir EFTA-dómstólnum er lokaskrefið í samningsbrotamálum gegn stjórnvöldum EFTA-ríkja sem hlíta ekki ákvæðum EES-réttar.

Síðla árs 2014 stefndi ESA norskum stjórnvöldum fyrir EFTA-dómstólinn fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að breyta reglum um byggingarleyfi á sveitarstjórnarstigi. Árið 2012 höfðu átt sér stað gagnlegar viðræður við norsk stjórnvöld sem féllust á að breyta reglunum. Stjórnvöld í Noregi ákváðu engu að síður árið 2014 að fresta gildistöku nýrrar löggjafar þriðja sinni. Eftirlitsstofnun EFTA átti því ekki annars úrkosti en að vísa málinu til dóms.

Pegar brot á ákvæðum EES-réttar hefur verið staðfest með dómi EFTA-dómstólsins verða stjórnvöld í EFTA-ríkjunum að sjá til þess að farið sé að niðurstöðu dómsins eins fljótt og auðið er. Þegar norsk stjórnvöld fylgdu ekki eftir máli sem varðaði eignarhald á kauphöllum í Noregi stefndi ESA þeim því fyrir dóm öðru sinni.

Loftgæði í Noregi

Á ákveðnum svæðum í Noregi er loftmengun meiri en við verður unað og stangast það á við EES reglur um verndun umhverfisins. Stjórnvöld í Noregi hafa ekki gert fullnægjandi áætlanir um ráðstafanir til þess að vinna gegn loftmengun. Stofnað var til máls gegn Noregi eftir að kvörtun barst frá norsku asma- og ofnæmissamtökunum. Í desembermánuði 2014 ákvað Eftirlitsstofnun EFTA að vísa málinu til EFTA-dómstólsins.

Stjórnvöld í Liechtenstein verða að slaka á skilyrðum gagnvart þjónustuveitendum

Öll fyrirtæki, sem selja þjónustu yfir landamæri eða vilja öðlast staðfestu í Liechtenstein, þurfa að gangast undir ítarlega athugun og sækja um leyfi sem bundin eru ákveðnum skilyrðum og leiða til ýmiss konar tafa og útgjalda. Þetta er andstætt meginsjónarmiðunum sem innri markaðurinn byggist á. ESA sendi Liechtenstein rökstutt álit í apríl 2014.



Uppbygging í héraði

Bæði í Noregi og á Íslandi þykir mikilvægt að að veita megi aðstoð til uppbyggingar í dreifðum byggðum. Slík aðstoð er heimil samkvæmt EES-samningnum með tilteknum skilyrðum.

Í febrúarmánuði 2014 samþykkti ESA að veitt yrði opinber aðstoð vegna framkvæmda við hafnarmannvirki í tengslum við uppbyggingu iðnaðarsvæðis á Bakka við Húsavík. Þá féllst stofnunin á fyrirætlanir um fjárfestingaraðstoð vegna byggingar kísilmálmsverksmiðju á Bakka. Í desembermánuði var svo stofnað til formlegrar rannsóknar á samningi um raforkusölu vegna þessara framkvæmda enda telur ESA að í honum kunni að felast ríkisaðstoð.

Í júnímánuði samþykkti ESA norskt kerfi almannatryggingagjalds sem fólgið er í innheimtu mismunandi gjalds eftir héruðum. Kerfið felur í sér að afsláttur er veittur af launasköttum fyrirtækja sem starfa á mjög strjálbýlum svæðum.

Í októbermánuði lauk stofnunin ítarlegri rannsókn á samningum sem íslensk stjórnvöld hafa gert vegna fjárfestinga utan höfuðborgarsvæðisins. Niðurstaða rannsóknarinnar var að samningar, sem gerðir höfðu verið við fimm fyrirtæki, fælu í sér ólögmdæta ríkisaðstoð. Íslenska ríkið fékk fyrirmæli um að endurheimta alla ólöglega ríkisaðstoð sem veitt hafði verið á grundvelli þessara samninga.

Samkeppnisrekstur opinberra aðila

Ætíð þarf að vera á varðbergi gagnvart því að fyrirtæki sem opinberir aðilar reka geta í krafti aðstöðu sinnar boðið lægra verð fyrir þjónustu á markaði en keppinautar þeirra í hópi einkafyrirtækja.

Á árinu 2014 hefur Eftirlitsstofnun EFTA tekið til skoðunar mál sem varða þjónustu tannlækna, námskeið um öryggismál í opinberum skólum og þjónustu sem rannsóknastofur á vegum sveitarfélaga veita í samkeppni við einkaaðila.

Stofnunin telur að opinberir aðilar eigi að bera sömu skattskyldu og einkafyrirtæki þegar um er að ræða almennan atvinnurekstur. Í nóvembermánuði 2014 var stofnað til máls gegn stjórnvöldum í Noregi og var því beint til þeirra að breyta gildandi löggjöf í landinu.

Reglur um ríkisaðstoð

Ríkisaðstoð getur falist í ýmiss konar stuðningi hins opinbera við þá sem reka fyrirtæki á markaði.

EES-samningurinn felur í sér almennt bann við ríkisaðstoð sem raskað getur samkeppni og haft óæskileg áhrif á viðskipti milli EES-ríkja. Reglunum er ætlað að tryggja fyrirtækjum hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu jöfn samkeppnisskilyrði og koma í veg fyrir að stuðningur hins opinbera sé nýttur sem verndarráðstöfun í stað viðskiptahindrana sem hafa verið afnumdar.

Undantekningar samkvæmt viðurkenndum reglur eru þó heimilaðar enda kunna opinber afskipti að vera nauðsynleg í einstökum tilvikum, m.a. til þess að ráða bót á markaðsbresti.

Framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins

ESA hefur það meginhlutverk í samkeppnismálum að sjá til þess að fyrirtæki sem starfa í EFTA-ríkjunum fari að samkeppnisreglum EES-samningsins. Stofnunin hefur víðtækar rannsóknarheimildir á þessu sviði og er heimilt að sekta fyrirtæki, sem brjóta gegn reglunum. Sektirnar geta numið allt að 10% af heildarveltu fyrirtækis.

Stofnuninni ber einnig að hafa eftirlit með því hvernig samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum beita samkeppnisreglum EES-samningsins.

Rannsókn á Telenor

Í kjölfar húsleita sem fram fóru í starfstöðvum norska fjarskiptafyrirtækisins Telenor í desembermánuði 2012, og athugunar á gögnunum sem þar var aflað, ákvað ESA í júní 2014 að hefja formlega rannsókn á því hvort Telenor hefur brotið gegn samkeppnisreglunum.

Húsleit hjá Widerøe

Í júnímánuði 2014 fóru fram húsleitir á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA í starfstöðvum flugfélagsins Widerøe í Noregi. Aflað var umtalsverðra gagna. ESA kannar nú hvort lesa megí úr gögnunum vísbendingar um að samkeppnisreglur EES-samningsins hafi verið brotnar.

Skaðabótakröfur í samkeppnismálum

Eftir þá ákvörðun ESA í desembermánuði 2011 að sekta norska skipafélagið Color Line vegna brots á samkeppnisreglum EES-samningsins höfðaði keppinautur félagsins, Bastø Fosen, skaðabótamál á hendur Color Line. ESA lagði í fyrsta skipti fram skriflegar athugasemdir (amicus curiae) í máli sem rekið er fyrir landsdómstóli (Borgarting lagmannsrett). Athugasemdir stofnunarinnar sneru einkum að túlkun ákvæða landslaga um fyrningarfrest vegna skaðabótamála.

EFTA-dómstóllinn

Vísun máls til EFTA-dómstólsins fyrir að láta undir höfuð leggjast að virða skyldur sínar að EES-rétti er lokaskrefið í formlegu samningsbrotamáli á hendur EFTA-ríki. Dómstóllinn tekur einnig fyrir mál þar sem farið er fram á ógildingu ákvarðana ESA auk þess að veita dómstólum í EFTA-ríkjunum ráðgefandi álit varðandi túlkun EES-réttar.

Eftirlitsstofnun EFTA tekur þátt í úrlausn allra mála fyrir EFTA-dómstólnum.

Málum gegn EFTA-ríkjum vísað til EFTA-dómstólsins

Árið 2014 höfðaði ESA alls 17 mál fyrir EFTA-dómstólnum. Er þetta mesti fjöldi mála sem höfðaður hefur verið á einu ári. Af þessum málum sneru 13 að Íslandi, þrjú að Noregi og eitt að Liechtenstein. Í átta málum staðfesti dómstóllinn það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að varnaraðili hefði ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til að leiða tiltekin ákvæði EES-réttar í landsrétt, eða beita þeim réttilega (dómar í málum E-1/14 til E-8/14). Í árslok var enn beðið niðurstöðu í níu málum.

Ógildingarmál fyrir EFTA-dómstólnum

Málum, sem höfðuð voru fyrir EFTA-dómstólnum til ógildingar ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA, fækkaði úr sjö árið 2013 í tvö árið 2014. Annað þessara mála (E-22/14 *Schenker VI*) varðar almennan aðgang að gögnum. Dómstóllinn hafnaði á árinu 2014 að öllu leyti eða að hluta kröfum sömu fyrirtækja í þremur eldri málum á þessu sviði (E-8/12, E-4/13 og E-5/13). Hitt málið (E-23/14 *Kimek Offshore*) varðar ákvörðun á sviði ríkisaðstoðar frá júnímánuði sem fól í sér samþykkt á kerfi mismunandi tryggingagjalds eftir héruðum í Noregi.

EFTA-dómstóllinn staðfesti þá ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA að samþykkja niðurstöðu stjórnvalda í Noregi þess efnis að leiki í heimsmeistarakeppni í knattspyrnu á vegum FIFA yrði að sýna í opinni sjónvarpssendingu um land allt (E-21/13 *FIFA*). Dómstóllinn synjaði kröfu um ógildingu ákvörðunar um ríkisaðstoð í tengslum við undanþágu frá virðisaukaskatti í Noregi (E-8/13 *Abelia*), en felldi úr gildi ákvörðun um ríkisaðstoð í tengslum við notkun á ljósleiðara á Íslandi (E-1/13 *Míla*).



Mál þar sem landsdómstólar óska ráðgefandi álits

ESA skilaði inn athugasemdum í öllum þeim fjórum málum sem landsdómstólar í Noregi, á Íslandi eða í Liechtenstein vísuðu til EFTA-dómstólsins til að afla álits hans á túlkun ýmissa ákvæða EES-réttar (E-9/14 *Kaufmann*, E-10/14 *Deveci*, E-16/14 *Pharmaq*, E-18/14 *Wow Air*). Dómstóllinn felldi dóma í ellefu slíkum málum alls, og snerust þau meðal annars um verðtryggingu lána á Íslandi (E-25/13 *Engilbertsson* og E-27/13 *Gunnarsson*), útboð á leyfi til rekstrar spilavítis í Liechtenstein (E-24/13 *Casino Admiral*) og norsk ákvæði um skattlagningu fjármuna sem geymdir eru í löndum þar sem skattar eru lágir (E-3/13 og E-20/13 *Fred Olsen*).

Evrópudómstóllinn

Eftirlitsstofnun EFTA lagði fram athugasemdir í þremur málum sem landsdómstólar í Danmörku og Bretlandi vísuðu til Evrópudómstólsins til að afla álits hans á túlkun EES-réttar að því er varðar misnotkun á markaðsstöðu (C-23/14 *Post Danmark II*), ríkisaðstoð (C-518/13 *Eventech*) og frjálst flæði varnings (C-333/14 *Scotch Whisky*). Að auki studdi stofnunin afstöðu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í málum sem vörðuðu húsleitir í tengslum við grun um brot á samkeppnisreglum (C-583/13 P *Deutsche Bahn*) og nýja formlega rannsókn á ríkisaðstoð (T-172/14 *Stahlwerk Bous*).

Gagnagrunnur ESA

Fylgt er þeirri meginreglu að veita aðgang að gögnum ESA, og er það til þess að tryggja gagnsæi. ESA hefur þó ætíð á valdi sínu að synja um aðgang að tilteknum gögnum. Þegar aðgangur hefur verið veittur að gögnum eru þau sett í gagnagrunn stofnunarinnar á netinu (Public Document Database), en hann er öllum opin.

Að auki á almenningur aðganga að fundargerðum frá vikulegum stjórnarfundum ESA, sem hafa að geyma allar formlegar ákvarðanir, svo og lista yfir opinber gögn (*Document Registry*), en þar eru skráð öll bréfaskipti við stjórnvöld í EFTA-ríkjunum og ýmis önnur gögn.

Um nánari upplýsingar sjá www.eftasurv.int/access

Góður vinnustaður

Hjá Eftirlitsstofnun EFTA starfa sérfræðingar sem hafa mikla menntun og reynslu og sérstakan áhuga á Evrópurétti og málefnum Evrópska efnahagssvæðisins. Starfsmenn fá tækifæri til að vinna að fjölbreyttum málum og glíma við margvísleg lagaleg álitaefni sem varða innri markaðinn, samkeppnismál og ríkisaðstoð.

Keppikefli stofnunarinnar eru traust lögfræðileg úrlausn mála, þroski hvers og eins í starfi og góð samvinna í hvetjandi, kröftugu og fjölþjóðlegu umhverfi, auk þess sem áhersla er lögð á jafnvægi milli starfs og einkalífs.

Hefur þú áhuga á að starfa á alþjóðavettvangi?

Störf hjá Eftirlitsstofnun EFTA eru unnin í umhverfi sem er með sanni fjölþjóðlegt. Stofnunin er til húsa í Evrópuhverfinu í hjarta Brussel og þar starfar á áttunda tug áhugasamra og vel menntaðra starfsmanna frá um 15 mismunandi Evrópulöndum.

Sökum þess að ráðning til Eftirlitsstofnunar EFTA er aðeins til afmarkaðs tíma bjóðast þar reglulega atvinnutækifæri fyrir hæfa starfsmenn, og eru störfin auglýst á vefsetri stofnunarinnar.

Upplýsingar um laus störf má finna á síðunni www.eftasurv.int/jobs

Starfsnám

Starfsnám hjá Eftirlitsstofnun EFTA hefur reynst heilladrjúg leið til að hefja starfsferilinn, hvort sem umsækjandi hyggst vinna í einkageiranum eða hjá hinu opinbera. Á hverju ári býðst sex umsækjendum frá EES/EFTA-ríkjunum að stunda spennandi starfsnám hjá ESA um 10 mánaða skeið. Umsóknarferlið hefst í janúar.

Ítarlegri upplýsingar er að finna á síðunni www.eftasurv.int/trainee



Eftirlitsstofnun EFTA
Rue Belliard 35
1040 Brussel
Belgia

Sími: +32 (0) 2 286 18 11
Fax: +32 (0) 2 286 18 00
registry@eftasurv.int
www.eftasurv.int

Eftirlitsstofnun EFTA

Hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA er að tryggja að EFTA-ríkin sem eiga aðild að EES-samningnum – Ísland, Liechtenstein og Noregur – virði skuldbindingar sínar samkvæmt þeim samningi.

ESA stendur vörð um rétt einstaklinga og atvinnurekenda sem telja að reglur eða framkvæmd stjórnvalda í EFTA-ríkjunum, eða háttsemi fyrirtækja í þeim ríkjum, brjóti gegn réttindum sem þeim eru tryggð í EES-samningnum.

ESA fylgir því jafnframt eftir að takmarkanir á ríkisaðstoð séu virtar og að fyrirtæki, sem starfa í EFTA-ríkjunum, fari að reglum samkeppnisréttar.

Ljósmyndir: Cécile Quénou (bls.2), Frank May / NTB scanpix (bls.4), Bernd Juergens / iStock (bls.6), Cornelius Poppe / NTB scanpix (bls.8), Martin N. Johansen / NTB scanpix (bls.10), Berit Roald / NTB scanpix (bls.12), Zsolt Varga (bls.14), Jan Schwarz (bls.16), Olivier Papegnies (bls.18).